

# **Íslenska járnblendifélagið hf**

**Ársreikningur 2002**

## Efnisyfirlit

bls.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Sjóðstreymi .....	7
Reikningsskilaaðferðir .....	8 - 9
Skýringar .....	10 - 12
Fimm ára yfirlit .....	13

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári. Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framleiðslutölur ársins 2002 sýna stöðuga framleiðniaukningu á árinu. Heildarframleiðsla á kísiljární nam 118.810 tonnum á árinu 2002, sem er aukning um 5,2% frá fyrra ári.

Afkoma félagsins markaðist enn aftur af erfiðri stöðu á kísiljárnörkuðum, þar sem verð afurða á árinu var í sögulegu lágmarki.

Heildarvelta félagsins á árinu 2002 var 456 milljónir NOK. Lækkun veltu frá fyrra ári var 8,8%. Hagnaður ársins 2002 nam 6,4 milljónum NOK samanborið við 14,2 milljóna NOK tap á árinu 2001.

Á árinu störfuðu að meðaltali 142 starfsmenn hjá félaginu og er það 31 færri en á árinu 2001. Meðalfækkun starfsmanna um 18 var vegna útvistunar á þjónustu fyrir félagið.

Í árslok var í gildi tilboð Elkem um að kaupa alla hluti í félaginu.

Hlutfallsleg hlutafjäreign í félaginu var eftirfarandi:

New Elkem Holdings Inc. (Elkem ASA) 86,5%

Aðrir 13,5%

Stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

Grundartanga, 27. febrúar 2003

### Stjórn:

Arnfinn Holås

Geir Kvernmo

Haukur Ingibergsson

Marius Grønningsæter

Már Guðmundsson

Stefán Ólafsson

Stefán Reynir Kristinsson

### Framkvæmdastjóri:

Frank Bjørklund

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar og hluthafa Íslenska járnblendifélagsins hf

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska járnblendifélagsins fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1- 6. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 27. febrúar 2003

### PricewaterhouseCoopers ehf

Gunnar Sigurðsson

Sighvatur Halldórsson

## Rekstrareikningur ársins 2002

	Skýringar	2002 NOK	2001 NOK
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seld framleiðsla .....		513.557	547.196
Aðrar tekjur .....		3.596	12.709
Sölu­kostnaður .....		(60.970)	(59.834)
		<u>456.183</u>	<u>500.071</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Hráefnisnotkun .....		184.692	192.020
Laun og tengd gjöld .....		64.057	75.794
Raforka .....		100.157	97.693
Annar rekstrarkostnaður .....		69.106	65.011
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	1	34.104	33.806
Minnkun (aukning) fullunninna vara .....		(11.201)	718
		<u>440.915</u>	<u>465.042</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		15.268	35.029
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og arður .....		1.596	1.248
Vaxtagjöld .....		(12.243)	(22.745)
Gengishagnaður (tap) .....		4.676	2.458
		<u>(5.971)</u>	<u>(19.039)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		9.297	15.990
Eignarskattur .....		(1.907)	(6.870)
Reiknaður tekjuskattur .....	6	(999)	(23.290)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>6.391</u>	<u>(14.170)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2002 NOK</b>	<b>2001 NOK</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstarfjármunir:	1		
Fasteignir .....		151.264	160.535
Vélar, áhöld og flutningatæki .....		370.181	382.569
		<u>521.445</u>	<u>543.104</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Reiknuð tekjuskattsinneign .....	6	19.114	20.112
Hlutabréf í öðrum félögum .....	2	2.511	1.800
Skuldabréf .....		1.011	1.223
		<u>22.636</u>	<u>23.135</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		544.081	566.239
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	3	90.728	82.543
Viðskiptakröfur .....		143.658	149.534
Aðrar skammtímakröfur .....		6.482	11.347
Sjóður og bankainnistæður .....		35.956	95.976
		<u>276.824</u>	<u>339.400</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>820.905</u>	<u>905.639</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Skuldir og eigið fé	Skýringar	2002 NOK	2001 NOK
<b>Eigið fé</b>	4		
Hlutfé .....		100.132	100.132
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		201.242	201.242
Óráðstafað eigið fé .....		105.689	99.298
		<u>407.063</u>	<u>400.672</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:	5		
Langtímalán .....		339.249	429.258
Næsta árs afborgun .....		(235.053)	0
		<u>104.196</u>	<u>429.258</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		56.810	57.724
Aðrar skammtímaskuldir .....		15.296	11.157
Næsta árs afborgun langtímalána .....		235.053	0
Skattar ársins .....	6	2.487	6.828
		<u>309.646</u>	<u>75.709</u>
<b>Skuldir samtals</b>		413.842	504.967
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>820.905</u></u>	<u><u>905.639</u></u>

## Sjóðstreymi 1/1 - 31/12 2002

	2002 NOK	2001 NOK
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		
Veltufé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) ársins .....	6.391	(14.170)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir rekstrarfjármuna og langtímakostnaðar .....	34.104	33.806
Reiknaður tekjuskattur .....	998	23.290
Gengismunur af lánum .....	(49.841)	(6.293)
Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna .....		534
	<u>(8.348)</u>	<u>37.167</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	10.741	(61.861)
Birgðir .....	(8.185)	(2.624)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....	(1.116)	(16.033)
	<u>1.440</u>	<u>(80.518)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) samtals</b>	<u>(6.908)</u>	<u>(43.351)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	(12.444)	(12.317)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	576
Langtímakostnaður, breyting á sölusamningi .....	0	16.502
Skuldabréfaeign, breyting .....	195	257
Kaupverð hlutabréfa .....	(711)	0
	<u>(12.960)</u>	<u>5.018</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Ný langtímalán .....	34.952	89.561
Afborganir langtímalána .....	(75.104)	(91.456)
Innborgað hlutafé .....	0	56.725
Kostnaður við hlutafjárútböð .....	0	(1.041)
	<u>(40.152)</u>	<u>53.789</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	(60.020)	15.456
Handbært fé í byrjun árs .....	95.976	80.520
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<u>35.956</u>	<u>95.976</u>



## Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

### Færsla bókhalds og gerð reikningsskila í norskum krónum

Félaginu var veitt heimild til að færa bókhald og semja reikningsskil í norskum krónum frá ársbyrjun 2002, í samræmi við ákvæði í lögum um breytingar á lögum um bókhald og ársreikninga frá apríl 2002. Árshlutareikningar og ársreikningar frá ársbyrjun 2002 verða því eingöngu gerðir í norskum krónum (NOK) með nokkrum skýringartölum í íslenskum krónum (ISK), ásamt samanburðartölum frá fyrra ári.

### Rekstrartekjur

Samkvæmt markaðssamningi á milli Íslenska járnblendifélagsins og Elkem fer sala á kísiljárn sem framleitt er af Íslenska járnblendifélaginu eingöngu í gegnum Elkem að undanskilinni sölu til Japans. Samkvæmt markaðssamningnum fær Íslenska járnblendifélagið sama FOB-verð fyrir sömu gæði af kísiljárn og aðrar Elkem verksmiðjur.

### Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en norskum krónum eru umreiknaðar í norskum krónum á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

### Birgðir

Birgðir eru tilfærðar á kostnaðarverði miðað við síðasta hráefnisverð, laun og óbeinan framleiðslukostnað, eða söluverð að fráregnum sölukostnaði sé það lægra.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu stofnverði þeirra og afskriftum í norskum krónum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði:

Fasteignir .....	3%
Vélar, áhöld og flutningstæki .....	5-33%

## Reikningsskilaaðferðir

### Áhættufé í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á nafnverði.

### Tekjuskattur

Reiknuð skattinneign vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýttts skattalegs taps er færð í árshlutareikninginn í samræmi við reglur Reikningsskilaráðs.

Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra, en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð skattinneign vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýttts skattalegs taps er færð að því marki sem líklegt er talið að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## Skýringar

### 1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Breytingar á bókfærðu verði varanlegra rekstrarfjármuna:

	Fasteignir	Vélar. áhöld og flutn.tæki	Samtals
	NOK	NOK	NOK
Fjárhæðir greinast þannig:			
Heildarverð 1/1 .....	358.112	667.434	1.025.546
Viðbætur á árinu .....	1.494	10.950	12.444
Heildarverð samtals .....	359.606	678.384	1.037.990
Afskrifað 1/1 .....	197.576	284.865	482.441
Afskrifað á árinu .....	10.766	23.338	34.104
Afskrifað samtals .....	208.342	308.203	516.545
Bókfært verð samtals .....	151.264	370.181	521.445

Varanlegir rekstrarfjármunir eru metnir þannig af opinberum aðilum:

	ISK	NOK
Fasteignamat húsa .....	2.556.360	219.336
Fasteigamat lóða .....	278.596	23.904
Brunatrygging húseigna .....	4.487.575	385.034
Vátryggingaverð véla og búnaðar .....	7.400.925	635.000

### 2. Áhættufjármunir

Hlutabréf í öðrum félögum:

	Eignarhlutur	ISK	NOK
Endurvinnslan hf .....	5,90%	2.100	216
Spölur hf .....	14,65%	12.600	1.299
Klafi efh .....	50,00%	2.500	285
GT Tækni ehf .....	100,00%	5.000	443
Fang efh .....	100,00%	3.000	268
		25.200	2.511

## Skýringar

### 3. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	NOK	
	2002	2001
Hráefni .....	19.319	21.319
Fullunnar vörur .....	44.557	33.356
Varahlutir og ýmsar rekstrarvörur .....	26.852	27.868
	<u>90.728</u>	<u>82.543</u>

### 4. Eigið fé

Hlutafé félagsins er ISK 1.090.720 þús.

Yfirlit um breytingu á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Samtals
	NOK	NOK	NOK	NOK
Fjárhæðir greinast þannig:				
Jöfnuður 1/1 .....	100.132	201.242	99.298	400.672
Hagnaður (tap) skv. rekstrarreikningi .....			6.391	6.391
Jöfnuður í lok tímabils .....	<u>100.132</u>	<u>201.242</u>	<u>105.689</u>	<u>407.063</u>

### 5. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	NOK
Lán í USD. Markaðsvextir tengdir LIBOR .....	104.196
Lán í EUR. Markaðsvextir tengdir LIBOR .....	<u>235.053</u>
Langtímaskuldir samtals að viðbættum næsta árs afborgunum .....	<u>339.249</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:	
Árið 2003 .....	235.053
Árið 2004 .....	20.839
Árið 2005 .....	20.839
Árið 2006 .....	20.839
Árið 2007 .....	20.839
Árið 2008 .....	20.840
Samtals .....	<u>339.249</u>

## Skýringar

### 6. Tekjuskattur

Ónýtt skattaleg töp, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nema samtals ISK 1.690,5 millj. (NOK 145,0 millj.) í lok árs 2002. Réttur til að nýta töpin fellur niður verði þau ekki nýtt til frádráttar skattskyldum hagnaði á eftirfarandi árum:

	ISK	NOK
Rekstrarárið 2007 .....	474.345	40.699
Rekstrarárið 2008 .....	933.738	80.115
Rekstrarárið 2009 .....	282.377	24.228
	<u>1.690.460</u>	<u>145.042</u>

Álagningarhlutfall tekjuskatts var lækkað úr 30% í 18% í árbyrjun 2002. Þar af leiðandi var reiknuð skattinneign lækkuð um ISK 121 millj. ( NOK 13 millj.) í 4. ársfjórðungi 2001.

	NOK
Breyting skattinneignar á árinu greinist þannig:	
Tekjuskattsinneign í árbyrjun .....	20.112
Gengismunur á árinu .....	(169)
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi á árinu .....	(829)
	<u>19.114</u>
Skattinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:	
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13.392
Viðskiptakröfur .....	(1.272)
Yfirfæranlegt tap .....	26.108
	<u>38.228</u>
Niðurfærsla .....	(19.114)
	<u>19.114</u>

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á allri reiknaðri skattinneign, er skattinneignin lækkuð með almennri niðurfærslu um 50%.

## Fimm ára yfirlit

Allar fjárhæðir eru í milljónum NOK:

	2002	2001	2000	1999	1998
<b>Rekstrarárangur</b>					
Rekstrartekjur samtals .....	456	500	474	311	342
Rekstrarhagnaður (tap) .....	15	35	(17)	(20)	26
Hagnaður (tap) ársins .....	6	(14)	(65)	(33)	42
<b>Fjárhagsleg þróun</b>					
Veltufé frá rekstri .....	(8)	36	(21)	(8)	67
Fjárfestingahreyfingar .....	(13)	5	(56)	(248)	(154)
Breyting á hreinu veltufé .....	(297)	96	2	19	6
<b>Efnahagur</b>					
Eignir samtals .....	821	904	888	815	506
Hreint veltufé .....	(33)	264	168	166	147
Eigið fé .....	407	401	359	365	364
<b>Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu</b>					
Rekstrarhagnaður (tap) .....	3,3%	7,0%	-3,6%	-6,3%	7,7%
Hagnaður (tap) ársins .....	1,4%	-2,9%	-13,8%	-7,2%	12,2%
<b>Aðrar kennitölur</b>					
Veltufjárhlutfall * .....	0,9	4,6	2,8	4,2	6,1
Lausafjárhlutfall .....	0,6	3,4	2,0	2,9	4,5
Eiginfjárhlutfall .....	49,6%	46,7%	40,4%	44,8%	71,9%
Ávöxtun eigin fjár .....	1,6%	-3,8%	-17,8%	-6,2%	13,0%

\* Breyting á veltufjárhlutfalli á milli 2001 og 2002 stafar aðallega af áætlaðri afborgun að fjárhæð 235 milljónum NOK af langtímaláni í ágúst 2003, í samræmi við samning við fjármálastofnanir frá 1998 um lánsheimild hjá þeim í tiltekinn tíma. Fyrirætlun stjórnenda er að afla nýs langtímaláns til að endurfjármagna lánið á greiðsludegi þess.